

3. gr.

170

9. okt.

Ábyrgðarmenn sjóðsins (eða stofnfjáreigendur) skulu ekki vera færri en en 30 og ekki fleiri en 50. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn (eða stofnfjáreigendur) verði aldrei færri en 30. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr kaupstaðnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22 gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna (eða stofnfjáreigenda), en hinir 2 af bæjarstjórn á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til 1 árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr kaupstaðnum, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmæt看 hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmæt看 hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu er komi í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuléiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.